

AUGLÝSING

um deiliskipulag - Galtarholt í Borgarbyggð.

Sveitarstjórn hefur samþykkt deiliskipulag í landi Galtarholts í Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 5. október 1998.

Sigurður Páll Harðarson bæjarverkfræðingur.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hafnarfirði. Flatahraun - Helluhraun, iðnaðar- og þjónustusvæði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 17. mars 1998, samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, breytingu á deiliskipulagi:

Flatahraun - Helluhraun, iðnaðar- og þjónustusvæði.

Breytingatillagan gerir ráð fyrir tveggja hæða skrifstofu- og þjónustubýggð að Flatahrauni á þremur lóðum og einnar hæða iðnaðar- og þjónustubýggð á alls átta baklóðum auk lóðar fyrri hátt fjarskiptamastur nyrst á svæðinu. Að Helluhrauni er gefinn kostur á að reisa „akið-takið“ greiðaþjónustu í stakstæðu smáhýsi og lagt er til að varðveita stóra hraungjótu á svæðinu.

Breyting þessi kemur í stað deiliskipulags sem samþykkt var af bæjarstjórn Hafnarfjarðar í júní 1984.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 23. september 1998.

Magnús Gunnarsson bæjarstjóri.